

„Þeir eru leiðtogar sem efla fagmennsku og hvetja til framþróunar“

Edda Dröfn Daníelsdóttir

Á fjórða hundrað manns sóttu Hjúkrunarþingið sem haldið var af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga í samstarfi við deild hjúkrunarstjórnenda á Hótel Natura 15. nóvember síðastliðinn undir yfirskriftinni Þú hefur valdið — leiðtogahæfni og forysta. Fyrirlesarar voru bæði úr röðum hjúkrunarfræðinga og úr atvinnulífinu.

„Leiðtogar hjúkrunar eru þeir sem efla fagmennsku í hjúkrun, hvetja til framþróunar og hafa siðareglur hjúkrunar að leiðarljósi,“ sagði Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, við opnun þingsins. Sérfræðingar í hjúkrun gegna mikilvægu forystuhlutverki því þeir hafa sérfræðipækkingu á klínísku sérsviði og eru leiðtogar í þverfaglegri samvinnu. Slík forysta er nauðsynleg innan heilbrigðisþjónustunnar. „Hlutverk stjórnandans í hjúkrun er meðal annars að leggja línur um áherslur og aðferðir í hjúkrun, virkja hjúkrunarfræðinga og fá þá með sér í lið. Einnig er í þeirra verkahring að vera í forsvari fyrir hjúkrunarfræðinga, ýta undir sjálfstæði og fagmennsku þeirra með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi,“ en sérstaklega er fjallað um leiðtogahlutverk, ábyrgð og forræði í stefnu félagsins um hjúkrunar- og heilbrigðismál 2011–2020.

Leiðtogar í hjúkrun leynast víða, stjórnendur, kennarar, klínískir hjúkrunarfræðingar eða rannsakendur. Fær leiðtogi mótar sýn og viðheldur í þeim tilgangi að ná settum markmiðum. Leiðtogafærni er aðstæðubundin og háð fylgjendum, en aðalhlutverk leiðtogans er að hvetja, örva og efla traust samstarfsfólks síns.

Fær leiðtogi mótar sýn og viðheldur í þeim tilgangi að ná settum markmiðum. Leiðtogafærni er aðstæðubundin og háð fylgjendum, en aðalhlutverk leiðtogans er að hvetja, örva og efla traust samstarfsfólks síns.

Valdið er ykkar

Fjöldi fyrirlesara gaf ráðstefnugestum innsýn í reynsluheim stjórnenda úr mismunandi atvinnugreinum. Alma Möller landlæknir var með ávarp og talaði meðal annars um mikilvægi hjúkrunarfræðinga í heilbrigðiskerfinu. Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri fjallaði um þann vanda sem felst í að breyta rótgróinni valdastofnun í opna þjónustustofnun. Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir, hjúkrunarstjóri á Sóltúni,



Hjúkrunarþingið var þétt setið.

Alma Möller landlæknir, Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum, og Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri fluttu allar erindi á Hjúkrunarþinginu.



Harpa Júlía Sævarsdóttir og Hjördís Ósk Hjartardóttir.

fjallaði um í sínum fyrirlestri hvaða aðferðir gagnast stjórnandanum og gagnast honum ekki og sagði frá mismunandi aðferðum sem hún notar í samskiptum við mismunandi kynslóðir á Sóltúni. Auður Ketilsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala, var fyrst á dagskrá eftir kaffihlé og hún kom inn á leiðtogahlutverkið sem sérfræðingur í hjúkrun. Stefanía Bjarney Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Avo, hélt upplífandi fyrirlestur um hvernig hún sem ungur frumkvöðull nýtir leiðtogahæfni sína í daglegu starfi og Guðmundur Valur Oddsson, prófessor við Háskóla Íslands, var með áhugavert erindi um rannsókn sem hann tók þátt í og fjallaði um hvernig hjúkrunarfræðingar nýta tímann í vinnunni. Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu hélt fyrirlestur um leiðtoga framtíðarinnar og Guðjón Hauksson, forstjóri HSA, var með einlægan fyrirlestur um sína reynslu sem stjórnandi.

Eftir hádegismat fluttu fjórir hjúkrunarfræðingar með ólíkan bakgrunn fyrirlestur af reynslu sinni sem stjórnendur og leiðtogar. Þetta voru þær Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala, Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sóltúni, Rut Gunnardóttir, svæðis- og fagstjóri hjúkrunar á Hvammi, og Hildur Björk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sólvangi. Það var gaman að hlusta á þeirra fyrirlestra og heyra um þau vandamál sem þær takast á við í starfi sínu. Anna Steinsen frá KVAN sá til þess að allir ráðstefnugestir fóru heim með bros á vör og harðsperrur í brosvöðvunum eftir fyrirlestur sinn.

Þetta var fjölbreytt og áhugavert Hjúkrunarþing og það er greinilegt að hjúkrunarfræðingar hafa mikinn áhuga á þessu málefni. Í hópi hjúkrunarfræðinga eru margir frambærilegir leiðtogar og það er vel við hæfi að enda á orðum Bylgju Kjærnested, deildarstjóra á hjartadeild Landspítala, að „við verðum að taka okkur sæti við borðið og ef það er ekki stóll við borðið, þá náum við okkur í hann.“

Edda Dröfn Daníelsdóttir, sviðsstjóri fagsviðs.